

Sálfræðiþjónusta vegna óviðeigandi kynhegðunar

Barnaverndarnefndir geta sótt um sérhæfða sálfræðiþjónustu til Barnaverndarstofu fyrir börn allt að 18 ára aldri sem sýna óviðeigandi kynhegðun eða misnota aðra kynferðislega. Þjónustan er í höndum teymis þriggja sálfræðinga sem sérhæfa sig á þessu sviði og hafa náði samstarf sín á milli. Þjónustan fer að meginhluta fram á sálfræðistofu þjónustuaðila en hver sálfræðingur vinnur þar sjálfstætt að hverju máli og sér um að boða barn og foreldra (forsjáraðila) til viðtals.

Markmið með þjónustunni eru að styðja við barnið sem sýnt hefur hina óviðeigandi eða skaðlegu kynhegðun og draga þannig úr skaðsemi hegðunarinnar fyrir barnið sjálft og minnka jafnframt líkur á því að hegðunin endurtaki sig. Einnig er forsjáradilum barnsins, starfsmönnum barnaverndarnefnda og starfsmönnum Barnaverndarstofu veitt fagleg ráðgjöf.

Gjald

Gert er ráð fyrir ákveðinni kostnaðarþátttöku barnaverndarnefnda í áhættumati og meðferð, kr. 1500 fyrir hverja tímaeiningu, og mun Barnaverndarstofa innheimta þann kostnað frá viðkomandi nefndum. Handleiðsla og ráðgjöf, sbr. kafli 2, er barnaverndarnefndunum að kostnaðarlausu. Barnaverndarnefndir greiða ferðakostnað sálfræðinganna.

Handleiðsla og ráðgjöf

Hluti af þjónustunni er handleiðsla til starfsmanna barnaverndarnefnda ef Barnaverndarstofa telur þörf á. Þetta getur átt við í vafamálum, til dæmis þegar enn stendur yfir könnun máls hjá barnaverndarnefnd eða þar sem kynferðislega hegðunin er hluti af stærri og flóknari vanda. Í slíkum tilfellum útvegar Barnaverndarstofa 1-2 ráðgjafar- og handleiðslufundi fyrir barnaverndarstarfsmann með viðkomandi sálfræðingi og eftir aðstæðum getur verið um símafund að ræða. Þessir aðilar meta síðan þörf fyrir áframhald, þ.e. hvort málinu telst þar með lokið eða hvort ákveðið er að sækja um mat og meðferð.

Mat og meðferð

Mat og meðferð eru framkvæmd með viðurkenndum matstækjum og aðferðum á borð við hugræna atferlismeðferð. Matið byggir á viðtölum við hlutaðeigandi aðila og niðurstöðum úr sálfræðilegum prófum og öðru mati á hugsanlegum áhættuþáttum sem meðferðinni er síðan beint að. Einnig er byggt á öðrum gögnum svo sem skýrslum frá barnaverndarnefnd, lögregluskýrslum eða geðheilbrigðis- eða þroskamati.

Mikilvægt er að forsjáradilar barna veiti samþykki sitt fyrir þjónustunni og að öðrum kosti leiti barnaverndarnefnd viðeigandi leiða samkvæmt barnaverndarlögum. Þjónustuaðili leggur áherslu á samstarf við starfsmenn barnaverndarnefndar og eftir atvikum við aðra fagaðila eða stofnanir. Samvinna og stuðningur við foreldra og heimaumhverfi barnsins er lykilþáttur í þjónustunni.

Meðferðarvinnan snýr ávallt að því að draga úr líkum á frekari óviðeigandi kynhegðun og að barnið öðlist aukna færni til að sýna viðeigandi og félagsvæna hegðun. Umfang

meðferðarvinnu er að öllu jöfnu háð vægi og samspili áhættuþátta og verndandi þátta. Í því sambandi er metið hversu miklar líkur er taldar á að hegðunin endurtaki sig eða hvort áhættan telst lág, miðlungs eða há.

Meðferð barna sem metin eru í lítilli áhættu felur meðal annars í sér fræðslu um kynferðisleg mörk, áhrif og afleiðingar óviðeigandi kynhegðunar á geranda og þolanda, fræðslu til forráðamanna um viðeigandi og óviðeigandi kynhegðun barna sem og aðra þætti er koma fram við mat á áhættu. Jafnan er miðað við að meðferð þeirra sem metnir eru í lítilli áhættu geti tekið allt að 6–8 meðferðarviðtöl að meðtöldu áhættumati.

Meðferð barna sem metin eru í miðlungsáhættu felur í sér fræðslu um kynferðisleg mörk, áhrif og afleiðingar óviðeigandi kynhegðunar á geranda og þolanda sem og fræðslu til forráðamanna um óviðeigandi kynhegðun barna. Unnið er markvisst að því að draga úr áhættuþáttum sem fram koma í matsferlinu og ýta undir styrkleika sem geta dregið úr líkum á frekari óviðeigandi eða skaðlegri kynhegðun. Jafnan er miðað við að meðferð þeirra sem metnir eru í miðlungsáhættu geti tekið allt að 10–12 meðferðarviðtöl að meðtöldu áhættumati.

Meðferð barna sem metin eru í mikilli áhættu felur í sér sömu þætti og tilgreindir eru í varðandi miðlungsáhættu en gera má ráð fyrir að meðferðarvinnan taki lengri tíma þar sem áhættuhegðunin er umfangsmeiri.

Lok meðferðar og eftirfylgd

Við lok meðferðar skilar sálfræðingur skýrslu til barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu ásamt því að boða til skilafundar með starfsmanni barnaverndarnefndar og forsjáraðilum. Á skilafundi er farið yfir niðurstöður mats og árangurs meðferðar. Skilafundur fer fram á sálfræðistofu þjónustuaðila þegar því verður komið við en eftir aðstæðum í heimabyggð barns.

Þjónustuaðili sinnir eftirfylgd í málum þar sem um er að ræða börn sem við upphaf meðferðar eru metnir í miðlungs eða mikilli áhættu. Jafnan er miðað við 3–4 eftirfylgdarviðtöl á u.þ.b. árstímabili. Í samráði við starfsmann barnaverndarnefndar metur þjónustuaðili hvort árangur meðferðar verði betur tryggður með því að hluti eftirfylgdarviðtala fari fram í eða nálægt heimabyggð barns.

Ef upp kemur grunur um frekari óviðeigandi kynhegðun eftir að skilafundur hefur átt sér stað eða á meðan eftirfylgd stendur skal þjónustuaðili ráðleggja og vera í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu sem leggja sameiginlega mat á viðeigandi viðbrögð.